

Starfsemi Siðfræðistofnunar árið 2005

Stjórn og starfslið

Stjórn Siðfræðistofnunar var óbreytt frá fyrra ári en í henni eiga sæti: Vilhjálmur Árnason, prófessor, tilnefndur af heimspekiskor, formaður stjórnar, Sólveig Anna Bóasdóttir, dr. theol., tilnefnd af guðfræðideild, Sr. Irma Sjöfn Óskarsdóttir, tilnefnd af kirkjuráði þjóðkirkjunnar, Ástríður Stefánsdóttir, dósent, tilnefnd af Kennaraháskóla Íslands og Páll Hreinsson, prófessor í lagadeild, skipaður af Háskólaráði án tilnefningar. Fyrir utan forstöðumann Salvöru Nordal, sem er í fullu starfi, hafa sérfræðingar verið ráðnir í einstök rannsóknarverkefni í lengri eða skemmri tíma.

Rannsóknir

Rannsóknir á gagnagrunnum.

Styrkur fékkst úr Rannsóknasjóði Rannís fyrir verkefnið *Notkun gagnagrunna á heilbrigðissviði: Siðferðileg álitamál*. Verkefnið hófst á árinu og var Ingunn Ólafsdóttir, stjórn málafræðingur, M.A. ráðin til að vinna úttekt á starfi Vísindasiðanefndar.

Siðfræðistofnun hlaut áframhaldandi styrk frá NorFa/Nordforsk fyrir samstarfsnet á sviði siðfræði og lífvisinda, *The Ethics of Genetic and Medical Information*. Auk Siðfræðistofnunar, sem leiðir verkefnið, standa að rannsókninni vísindamenn frá Eistlandi, Finnlandi, Svíþjóð og Englandi. Fundur var haldinn í verkefninu í Manchester 30. maí þar sem rætt var um gagnagrunna á heilbrigðissviði og lyfjaerfðafræði.

Í framhaldi af verkefninu ELSAGEN *Ethical, Legal and Social Aspects of Human Genetic Databases*, sem lauk formlega í árslok 2004, hefur Siðfræðistofnun tekið þátt í margvíslegum erlendum fundum. Formanni stjórnar og forstöðumanni var m.a. boðið á málþing PGHeart hjá læknaeild Warwick University í Englandi. Fundurinn var haldinn 27. maí og var hugsaður sem undirbúningur nánara samstarfs við Warwick. Formanni stjórnar var boðið á fund verkefnisins *The Development of European Standards on Confidentiality and Privacy in Healthcare among Vulnerable Patient Populations (EuroSOCAP)* sem haldinn var í Istanbul 17.–19. febrúar 2005 þar sem hann gerði grein fyrir helstu niðurstöðum ELSAGEN-verkefnisins.

Á árinu var sótt um áframhaldandi styrki fyrir rannsóknir á sviði gagnagrunna á heilbrigðissviði bæði í 6. rammaáætlun Evrópusambandsins.

Önnur rannsóknaverkefni:

Önnur minni verkefni hafa verið starfrækt, s.s. rannsóknin *Siðanefndir starfstétta* undir stjórn Róberts H. Haraldssonar, dósent. Verkefnið hefur verið styrkt af Kristnihátíðarsjóði sem og fyrirlestraröð og útgáfan *Siðfræði og samtími*, undir stjórn Vilhjálms Árnasonar, prófessors. Þá fékkst nýr styrkur úr Kristnihátíðarsjóði fyrir verkefnið *Gildismat og velferð barna í neytlusamfélagi nútímans*.

Þjónusta

Siðfræðistofnun veitti sem fyrr umsagnir um ýmis lagafrumvörp og skýrslur á árinu og veitti fagfélögum og fyrirtækjum og stofnunum ráðgjöf, einkum um siðareglur. Hér má nefna ráðgjafarverkefni fyrir Matvæla- og fiskveiðistofnun Sameinuðu þjóðanna, FAO, en afrakstur

Þess verkefnis hefur komið út: *Ethical issues in Fisheries*. FAO Ethics Series 4. Höfundar Vilhjálmur Árnason, Devin Bartley, Serge Garcia, Róbert H. Haraldsson, Dagfinnur Sveinbjörnsson og Hiromoto Watanabe. Rome: FAO 2005.

Kennsla

Átta nemendur hófu nám í starfstengdri siðfræði haustið 2005 þetta er svipaður hópur og síðast. Siðfræðistofnun hefur umsjón með náminu og var gerður sérstakur samningur milli Siðfræðistofnunar og heimspekiskorar um kennslu forstöðumanns í námskeiðunum Hagnýtt siðfræði og málstofa um starfstengda siðfræði. Þá hefur forstöðumaður tekið þátt í mótun nýrra námsleiða á meistarastigi í siðfræði sem hefjast haustið 2006. Siðfræðistofnun mun hafa stjórnábyrgð umsjón með því námi.

Fyrirlestrar og ráðstefnur

Mikilvægur þáttur í starfsemi Siðfræðistofnunar er jafnan skipulagning málþinga og fyrirlestra hvers konar. Fundur var haldinn í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu í Eldborg 26. febrúar s.l. *Pálsstefna* var haldin til heiðurs Páli Skúlasyni sextugum, þann 8. og 9. apríl s.l. þar sem 15 heimspekingar fjölluðu um heimspeki Páls. Málþing um bók Guðmundar Eggertssonar *Líf af lífi* var haldið í samvinnu við Bókaútgáfuna Bjart 3. nóvember s.l. í Norræna húsinu. Þar héldu þau Ólöf Ýr Atladóttir og Þorsteinn Vilhjálmsson erindi og í pallborði auk þeirra voru þau Guðmundur Eggertsson og Vilhjálmur Árnason. Málstofa var haldin á Hugvísindapingi um *Fagmennsku og fjölmiðla* undir stjórn Siðfræðistofnunar, en þar töluðu þau Salvör Nordal, forstöðumaður, Róbert H. Haraldsson, dósent og Þorbjörn Broddason, prófessor. Þá tók Vilhjálmur Árnason, prófessor og formaður stjórnar Siðfræðistofnunar þátt í máþingi Kristnihátíðarsjóðs 1. desember

Útgáfa

Afrakstur Pálsstefnu kom út í bókinni *Hugsað með Páli* í júní í tengslum við sextugsafmæli hans.

Einnig styrkti Siðfræðistofnun útgáfu bókarinnar *Dialog und Menschenwürde. Ethik im Gesundheitswesen*. Münster, Vín, Berlín, London: Lit-Verlag 2005. Þýðing Lúðvíks E. Gústafssonar á *Siðfræði lífs og dauða*, 2. útg. eftir Vilhjálmi Árnason.

Aðstaða

Skrifstofa Siðfræðistofnunar sem verið hefur í húsnæði Hugvísindadeildar í Nýja Garði til nokkurra ára var flutt í Aðalbyggingu haustið 2005.